



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 19. maí, 2008

Ákvörðun nr. 34/2008

Breyting á ákvörðunarorðum í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008

I. Málavextir

Samkeppniseftirlitinu barst í bréfi, dags. 26. mars 2008, ósk frá Valitor Holding hf. (Valitor Holding) um að Samkeppniseftirlitið breyti 4. tl. 1. mgr. 1. gr. ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008 *Brot Greiðslumiðlunar hf., Kreditkorts hf. og Fjölgreiðslumiðlunar hf. á bannákvæðum samkeppnislaga*, þar sem kveðið er á um að stjórnarmenn Valitor skuli ekki vera meðal starfsmanna eða stjórnarmanna hluthafa Valitor eða meðal starfsmanna og stjórnarmanna félaga undir beinum eða óbeinum yfirráðum hluthafa félagsins svo lengi sem fleiri en eitt fjármálafyrirtæki er meðal hluthafa.

Tekið er fram að nú hafi Valitor hf. (sem 4. tl. 1. mgr. 1. gr. var beint að) verið skipt upp í tvö félög, Valitor hf. (Valitor) og VISA Ísland ehf. (VISA Ísland) en bæði félögin eru í eigu Valitor Holding. Nánar tiltekið snýr beiðnin að því að Samkeppniseftirlitið veiti heimild fyrir því að einn eða fleiri stjórnarmenn í Valitor Holding, Valitor og VISA Íslandi séu stjórnarmenn eða starfsmenn Kaupþings banka hf.

Bent er á að eigendur að [...]% hlutfjár í Valitor Holding hafi stofnað sérstakt eignarhaldsfélag um hluti sína, Keldur eignarhaldsfélag ehf. (Keldur).¹ Keldur er í [...]% eigu Kaupþings banka hf. en aðrir eigendur eru Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis auk nokkurra smærri sparisjóða.²

Af þessu tilefni gaf Samkeppniseftirlitið öðrum eigendum að Valitor Holding, en þeim sem eru aðilar að Keldum, færi á að koma sínum sjónarmiðum að vegna þessarar beiðni. Við ákvörðun þessa hefur verið tekið tillit til þeirra sjónarmiða eftir því sem við á.

II. Niðurstaða

Eins og fram kemur í erindinu hefur það gerst eftir birtingu ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008 að Valitor hf., sem 4. tl. 1. mgr. 1. gr.

¹ Fellt út vegna trúnaðar.

² Fellt út vegna trúnaðar.



ákvörðunarorða í umræddri ákvörðun beinast að, hefur verið skipt í tvö félög, Valitor og VISA Ísland, sem bæði eru í eigu eignarhaldsfélagsins Valitor Holding. Upphaflega voru eigendur Valitor Holding þeir sömu og áttu Valitor hf. fyrir skiptingu og í sömu eignarhlutföllum.

Með samningi, dags. 11. mars 2008, keyptu Kaupþing banki hf., Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hf., Sparisjóðurinn í Keflavík, Sparisjóður Mýrarsýslu, Sparisjóður Svarfdæla, Sparisjóður Vestfirðinga, Sparisjóður Húnaþings og Stranda, Sparisjóður Siglufjarðar, Sparisjóður Kaupþings hf., og nb.is-sparisjóður hf. allt hlutafé í Keldum eignarhaldsfélagi ehf. (Keldur). Keldur hefur þann tilgang að fara með eignarhluti viðkomandi aðila, sem nemur [...]%, í Valitor Holding og verður skráð sem slíkt í hlutaskrá félagsins.³

Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2008 *Kaup Kaupþings banka hf. og nokkurra sparisjóða á öllu hlutafé í Keldum eignarhaldsfélagi ehf.* er fjallað um þann samruna sem í kaupunum felst og komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé talin ástæða til íhlutunar vegna samrunans. Ein af forsendum þeirrar niðurstöðu er yfirlýsing samrunaaðila, með vísan í hlutahafasamning aðila, um að í stjórn Keldna muni sitja þrír sjálfstæðir og óháðir aðilar og þrír til vara. Í gögnum í því máli kemur fram að Kaupþing banki hf. eigi [...]% í Keldum og að Keldur eigi [...]% í Valitor Holding sem aftur á að fullu Valitor og VISA Ísland.⁴ Samkvæmt þessu fer Kaupþing banki hf. með ráðandi hlut í Keldum og þar með í Valitor Holding, Valitor og VISA Íslandi í skilningi samkeppnislaga.

Vegna breyttra forsendna sem felst í skiptingu Valitor hf., eins og það félag var þegar ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008 var birt, tilkomu Valitor Holding og samrunans sem fólst í kaupum Kaupþings banka hf. og nokkurra sparisjóða á Keldum og umræddrar beiðni hefur Samkeppniseftirlitið ákveðið að taka, í heild sinni, til endurskoðunar 1. gr. ákvörðunarorða í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008 *Brot Greiðslumiðlunar hf., Kreditkorts hf. og Fjölgreiðslumiðlunar hf. á bannákvæðum samkeppnislaga.*

Eins og að framan greinir komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 33/2008 *Kaup Kaupþings banka hf. og nokkurra sparisjóða á öllu hlutafé í Keldum eignarhaldsfélagi ehf.* að í skilningi samkeppnislaga fari Kaupþing banki hf. með ráðandi hlut í Valitor Holding, Valitor og VISA Íslandi. Hafa því yfirráð yfir viðkomandi fyrirtæki breyst frá því að ákvörðun nr. 4/2008 var tekin. Á þessum forsendum telur Samkeppniseftirlitið rétt að bregðast við beiðni Valitor Holding og breyta 4. tl. 1. mgr. 1. gr. ákvörðunarorða í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008 þannig að einn eða fleiri stjórnarmenn í Valitor Holding, Valitor og VISA Íslandi megi vera stjórnarmenn eða starfsmenn Kaupþings banka hf.

Aðrar breytingar á 1. gr. ákvörðunarorðanna lúta einungis að því að fyrirmælum er nú beint að félögunum öllum eftir því sem við á í stað einungis Valitor áður og að félögin skuli fyrir 1. júlí 2008 upplýsa Samkeppniseftirlitið um framkvæmdina.

³ Fellt út vegna trúnaðar.

⁴ Fellt út vegna trúnaðar.



Markast þetta af breyttum forsendum vegna skiptingar Valitor hf. og tilkomu Valitor Holding sem móðurfélags hinna tveggja eins og að framan er rakið.

Að öllu framansögðu virtu hefur Samkeppniseftirlitið ákveðið að breyta 1. gr. ákvörðunarorða í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 4/2008 *Brot Greiðslumiðlunar hf., Kreditkorts hf. og Fjölgreiðslumiðlunar hf. á bannákvæðum samkeppnislaga*, aðrar greinar í ákvörðunarorðum eru óbreyttar.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppniseftirlitið hefur breytt 1. gr. ákvörðunarorða ákvörðunar nr. 4/2008 *Brot Greiðslumiðlunar hf., Kreditkorts hf. og Fjölgreiðslumiðlunar hf. á bannákvæðum samkeppnislaga* þannig:

Í stað núverandi 2. ml. í inngangsmálgrein 1. gr. komi:

Til að stuðla að virkri samkeppni á þeim mörkuðum sem Valitor Holding hf., Valitor hf. og VISA Ísland ehf. starfa á fallast félögin á að hlíta eftirfarandi í starfsemi sinni:

Í stað orðsins Valitor í 1. - 9. tl. 1. mgr. 1. gr. komi orðin Valitor Holding, Valitor og VISA Ísland.

4. tl. 1. mgr. 1. gr. hljóði svo:

Stjórnarmenn Valitor Holding, Valitor og VISA Íslands skulu ekki vera meðal starfsmanna eða stjórnarmanna hluthafanna, annarra en Kaupþings banka hf., eða meðal starfsmanna og stjórnarmanna félaga undir beinum eða óbeinum yfirráðum hluthafanna, annarra en Kaupþings banka hf., svo lengi sem fleiri en eitt fjármálafyrirtæki er meðal hluthafa. Sama gildir um þá sem eru makar umræddra stjórnarmanna og starfsmanna, skyldir þeim eða mægðir í beinan legg eða systkini þeirra.

Í stað 1. apríl í 2. mgr. 1. gr. komi 1. júlí“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson